

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 279/2014****2015/EES/71/26****frá 12. desember 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/EB frá 21. október 2009 um breytingu á tilskipun 2006/42/EB að því er varðar vélar fyrir notkun varnarefna <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 1c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0127** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/127/EB frá 21. október 2009 (Stjtið. ESB L 310, 25.11.2009, bls. 29).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/127/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014 frá 30. september 2014 <sup>(2)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2014 frá 30. september 2014 <sup>(3)</sup>, hvert sem ber upp síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 310, 25.11.2009, bls. 29.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.7.2015, bls. 57.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 96, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 30.7.2015, bls. 95.